



Leit í Dómasafni - nánar um dómsúrlausn

Lykilorð tengd þessum dómi

Gagnkröfur | Vinnulaun

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 23. mars 2007 í máli nr. E-5253/2006:

Hafsteinn Már Ársælsson

(Lára Valgerður Júlíusdóttir hrl.)

gegn

Volti hf.

(Gísli Guðni Hall hdl.)

Mál þetta er höfðað með stefnu birtri 19. september 2006 og gagnstefnu birtri 20. október 2006. Málið var dómtekið 9. mars sl. Aðalstefnandi er Hafsteinn Ársælsson, Hofteigi 19, Reykjavík. Gagnstefnandi er Volti ehf., Vatnagördum 10, Reykjavík.

Endanleg krafa aðalstefnanda er að gagnstefnandi verði dæmdur til greiðslu 489.425 króna ásamt dráttarvöxtum, sbr. 1. mgr. 6. gr. I. nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 27. mars 2006 til greiðsludags. Hann krefst einnig málskostnaðar.

Gagnstefnandi krefst sýknu í aðalsök og að aðalstefnandi verði dæmdur til að greiða 662.84 krónur í gagnsök. Hann krefst einnig málskostnaðar.

I

Málsatvik

Aðalstefnandi er rafvirki að mennt og félagsmaður í Rafiðnaðarsambandi Íslands. Hann hóf störf hjá gagnstefnanda árið 1984, án þess að gerður væri skriflegur ráðningarsamningur, og starfaði þar allt til 27. mars 2006. Í málinu krefur aðalstefnandi gagnstefnanda um ógreitt orlof sem gjaldféll við starfslok hans. Gagnstefnandi mótmælir ekki kröfu aðalstefnanda um orlof, en krefur aðalstefnanda um bætur sem nema helmingi af launum í uppsagnarfresti hans vegna ólögmæts brotthlaups hans úr starfi eða brots hans, svo sem síðar greinir. Meginágreiningur aðila snýr að því hvernig starfslok aðalstefnanda bar að, þ.e. hvort honum var sagt fyrirvaralaust upp eða hvort hann hvarf sjálfur úr starfi með ólögmætum hætti.

Í málinu er ágreiningslaust að nokkrir starfsmenn gagnstefnanda, þar á meðal aðalstefnandi, höfðu hug á því að kaupa gagnstefnanda og ræddu í því skyni við þáverandi aðaleiganda gagnstefnanda og framkvæmdastjóra, Magnús Þór Magnússon. Fyrir liggur að um mitt ár 2005 tók nefndur Magnús endanlega þá ákvörðun að selja fyrirtækið ekki til starfsmannanna. Eftir áramótin 2005/2006 hófust viðræður um sölu fyrirtækisins fyrir milligöngu Árna Tómassonar, löggilts endurskoðanda, og Eyvindar G. Gunnarssonar hdl. Lyktaði þeim með því að af hálfu Jóhanns Ólafssonar & Co ehf. og eigenda gagnstefnanda var skrifað undir viljayfirlýsingu um sölu fyrirtækisins föstudaginn 17. mars 2006. Í málinu er óumdeilt að lykilstarfsmönnum gagnstefnanda, þar á meðal aðalstefnanda, var tilkynnt um sölu fyrirtækisins símleiðis næsta dag, laugardaginn 18. sama mánaðar. Þá hafði fyrirsvarsmáður Jóhanns Ólafssonar & Co ehf. samband við aðalstefnanda símleiðis sunnudaginn 19. sama mánaðar í því skyni að tryggja að aðalstefnandi starfaði áfram hjá fyrirtækinu. Mánudaginn 20. sama mánaðar var boðað til fundar með starfsmönnum gagnstefnanda, þar sem

sala fyrirtækisins var tilkynnt. Gögnum málsins ber saman um að vilji hinna nýju eigenda hafi verið sá að halda lykilstarfsmönnum gagnstefnanda, þar á meðal aðalstefnanda.

Samkvæmt aðilaskýrslu aðalstefnanda afréð hann að hætta störfum hjá gagnstefnanda í framhaldi af tilkynningu um sölu fyrirtækisins og hefja eigin atvinnurekstur. Tók aðalstefnandi þátt í því, ásamt öðrum tilteknum aðilum, að kanna kaup á fyrirtækinu Rafport ehf. sem sinnti innflutningi og heildsölu á ýmsum rafvörum, líkt og gagnstefnandi. Aðalstefnandi tók þátt í því að koma á fót félaginu el-is ehf. og eru samþykktir þess félags dagsettar sunnudaginn 26. mars 2006. Gagnstefnandi hefur lagt fram gögn um tengsl milli el-is ehf., Rafports ehf. og verslunarinnar Lúmax sem ekki þykir ástæða til að rekja sérstaklega hér. Í málinu er ágreiningslaust að el-is ehf. keypti Rafport ehf. nokkrum dögum síðar. Er jafnframt óumdeilt að Rafport ehf. var í framhaldinu ætlað að stunda sambærilega atvinnustarfsemi og gagnstefnandi.

Hinn 27. mars 2006 óskaði Þorsteinn I. Magnússon, sonur fyrrnefnds Magnúsar Þórs Magnússonar, eftir fundi með aðalstefnanda. Fyrir dómi kvað Þorsteinn að tilgangur fundarins hefði verið sá að reyna að fá aðalstefnanda til að halda áfram störfum hjá gagnstefnanda, en grunur hefði vaknað um að aðalstefnandi, ásamt Hirti Gíslasyni sölu- og markaðsstjóra gagnstefnanda, væri á förum frá fyrirtækinu. Á fundinn mætti einnig Sigurður Haukur Ingimarsson, fulltrúi Jóhanns J. Ólafssonar ehf., en var ekki viðstaddur fundinn að ósk aðalstefnanda. Samkvæmt málsatvikaýsingu í stefnu sagði Þorsteinn aðalstefnanda fyrirvaraust upp störfum á umræddum fundi. Í skýrslu sinni fyrir dómi mótmæli nefndur Þorsteinn því að hafa sagt aðalstefnanda upp störfum. Vísaði hann bæði til þess að þetta hefði ekki verið vilji eigenda fyrirtækisins, en einnig hefði hann ekki haft neina heimild til þess að víkja aðalstefnanda úr starfi. Fyrir liggur að eftir fundinn 27. mars 2006 var þess óskað að aðalstefnandi léti af hendi fartölvu í eigu gagnstefnanda. Aðalstefnandi taldi hins vegar að í tölvunni væru ýmis persónuleg gögn og tók tölvuna með sér heim.

Hinn 28. mars 2006 ritaði Eyvindur G. Gunnarsson hdl. aðalstefnanda ábyrgðarbréf, þar sem fram komu áskanir um að aðalstefnandi hefði brotið lögbundnar þagnar- og trúnaðarskyldur, bæði með því að kaupa hlut í fyrirtæki sem ætti í samkeppni við gagnstefnanda, en einnig með því að hafa verið í sambandi við birgja gagnstefnanda og falast eftir umboðum sem gagnstefnandi hefði. Áskildi lögmaðurinn gagnstefnanda allan rétt vegna brota aðalstefnanda og vakti athygli á því að háttsemi hans væri sérlega til þess fallin að valda tjóni þar sem yfir stæði sala á gagnstefnanda. Þá var skorað á aðalstefnanda að afhenda allt lausafé í eigu gagnstefnanda, þar á meðal framangreinda tölvu. Loks kom fram að gagnstefnandi myndi gera upp við aðalstefnanda þær greiðslur sem hann kynni að eiga til þess dags sem hann „teljist hafa hætt störfum“. Ekki yrði hins vegar um frekari launagreiðslur að ræða til aðalstefnanda.

Í málinu liggur fyrir að tveir erlendir birgjar, Berker og WindowMaster, sögðu upp umboðssamningum sínum við gagnstefnanda í framhaldi af sölu fyrirtækisins. Tilkynnti Berker um uppsögn sína þriðjudaginn 28. mars 2006 í framhaldi af fundi sem Hjörtur Gíslason, nú meðeigandi aðalstefnanda að el-is ehf., átti við fulltrúa fyrirtækisins í Þýskalandi sama dag. Uppsögn WindowMaster barst með bréfi 25. apríl 2006. Var í bréfinu vísað til þess að fyrrnefndur Hjörtur Gíslason og aðalstefnandi störfuðu ekki lengur hjá gagnstefnanda. Liggur jafnframt fyrir í málinu að Rafport ehf., fyrirtæki aðalstefnanda og Hjartar Gíslasonar, tók við umræddum umboðum.

Í stefnum og greinargerðum aðila er gerð grein fyrir ýmsum bréfaskiptum aðila og lögmanna þeirra vegna innheimtutilrauna aðalstefnanda sem ekki er ástæða til að rekja sérstaklega.

Við aðalmeðferð málsins gaf stefnandi aðilaskýrslu. Þá gaf skýrslu sem vitni Hjörtur Gíslason, fyrrverandi sölu- og markaðsstjóri gagnstefnanda og núverandi meðeigandi aðalstefnanda að Rafport ehf., Sigurður Haukur Ingimarsson, framkvæmdastjóri Jóhanns J. Ólafssonar ehf., Viðar Þór Hreggviðsson, fyrrverandi starfsmaður gagnstefnanda, Þorsteinn Ingi Magnússon, sonur Magnúsar Þórs Magnússonar, fyrrverandi aðaleigandi gagnstefnanda, Eyvindur G. Gunnarsson hdl., Árni Tómasson, löggiltur endurskoðandi og Guðmundur Þór Reynisson, starfsmaður gagnstefnanda. Samkvæmt skýrslu Sigurðar Hauks Ingimarssonar, Eyvindar G. Gunnarssonar og Árna Tómassonar var endanlegt verð við sölu gagnstefnanda 70 milljónum króna lægra en gert hafði verið ráð fyrir við viljayfirlýsingu 17. mars 2006. Kom jafnframt fram í skýrslum þeirra að ástæða lækunarinnar hefði verið brotthvarf starfsmanna og skert viðskiptavild vegna umboðssamninga gagnstefnanda sem erlendir birgjar höfðu sagt upp. Að öðru leyti er ekki ástæða til að rekja munnlegar skýrslur sérstaklega.

II

Málsástæður og lagarök aðalstefnanda

Aðalstefnandi grundvallar málalíbúnað sinn á almennum reglum íslensks vinnuréttar og orlofslögum nr. 30/1987, einkum 1. og 8. gr. Aðalstefnanda hafi verið víkið úr starfi. Hann geri ekki kröfu til launa í uppsagnarfresti, þar sem hann hafi fljótlega hafið störf í eigin fyrirtæki. Hann hafni því hins vegar alfaríð að hafa brotið þagnarskyldur eða trúnaðarskyldur gagnvart gagnstefnanda. Honum hafi verið fullkomlega heimilt í starfi sínu hjá gagnstefnanda að hefja undirbúning eigin fyrirtækis. Líta verði til þess að á þeim tímapunkti hafi hann ásamt fleirum verið í viðræðum við fyrri eigendur gagnstefnanda um kaup á fyrirtækinu. Nokkrum dögum áður en til brottrekstrar hafi komið hafi verið tilkynnt um sölu gagnstefnanda til Jóhanns J. Ólafssonar og & ehf. Engar kvaðir, hvorki samkvæmt ráðningarsamningi né samkvæmt lögum, hafi hvílt á aðalstefnanda um að hefja ekki eigin atvinnurekstur. Hafi hann ekki brotið neinar þagnar- eða trúnaðarskyldur gagnvart gagnstefnanda eða nýtt sér vitneskju sem hann hafi fengið frá gagnstefnanda í núverandi starfi sínu. Hann hafi t.d. ekki haft samband að fyrra bragði við neina af viðskiptavinum gagnstefnanda. Hann hafi það hins vegar ekki á valdi sínu við hverja viðskiptavinirir tala. Þannig hafi erlendir umboðsaðili að fyrra bragði haft samband við Rafport ehf. og óskað eftir því að fyrirtækið tæki við umboði af gagnstefnanda. Slíkt geti ekki talist brot á þagnar- eða trúnaðarskyldum og veiti gagnstefnanda ekki heimild til að halda eftir launum stefnanda hjá stefnda, enda sé slíkur skuldajöfnuður beinlínis bannaður í 1. gr. l. 28/1930 um greiðslu verkkaups.

Aðalstefnandi telur að hafna eigi gagnkröfu gagnstefnanda. Aðalstefnanda hafi verið vikið úr starfi og sé því ekki hægt að krefja hann um bætur vegna brothlaups úr starfi á grundvelli bótareglu hjúalaga. Telur aðalstefnandi að honum hafi verið sagt upp á fundinum 27. mars 2006 og svo hafi uppsögn verið áréttuð með bréfi lögmanns degi síðar. Í þessu sambandi vísar aðalstefnandi til þess að Þorsteinn Ingi Magnússon hafi í raun gegnt starfi framkvæmdastjóra gagnstefnanda eftir að Magnús faðir hans veiktist á árinu 2005. Hafi hann því haft vald til að vísa aðalstefnanda úr starfi. Það geti með engum hætti farið saman að senda ábyrgðarbréf í kjölfar starfsloka og fjalla þar um brot á þagnar- og trúnaðarskyldum og gera síðan kröfu til bóta á grundvelli brothlaups úr starfi. Aðalstefnandi vísar einnig til þess að hvergi hafi þess verið krafist að hann ynni út uppsagnarfrest sinn. Því er enn fremur mótmælt að aðalstefnandi hafi átt frumkvæði að því að ræða við erlenda birgja gagnstefnanda. Telur aðalstefnandi ljóst að ástæða þess að umræddir birgjar ákváðu að segja upp samningum við gagnstefnanda hafi verið sú að búið var að selja gagnstefnanda og víkja þeim starsmönnum gagnstefnanda úr starfi sem þeir höfðu átt samskipti við.

Aðalstefnandi sundurliðar kröfu sína þannig að um sé að ræða 334,23 orlofstíma á 1.639 krónur hvern eða 547.803 krónur. Í endanlegum málatilbúnaði aðalstefnanda hefur hann fallist á að frá þessari fjárhæð skuli draga skuld vegna vöruúttektar og flugmiða að samtals að fjárhæð 58.378 krónur. Nemur krafa aðalstefnanda því 489.425 krónum sem fyrr greinir.

Að öðru leyti er vísað í reglur samningaréttarins um skuldbindingargildi samninga og vinnuréttarins um að virða beri kjarasamninga. Gildandi kjarasamningur á þessu samningssviði er sagður vera kjarasamningur RSÍ við SA sem gildi frá 5. apríl 2004 til 31. desember 2007. Varðandi kröfu um dráttarvexti er krafist dráttarvaxta frá gjalddaga sem séu starfslok, sbr. 8. gr. orlofslaga, eða 27. mars 2006, og vísast þar um til 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

III

Málsástæður og lagarök gagnstefnanda

Gagnstefnandi mótmælir því ekki að aðalstefnandi eigi kröfu til greiðslu orlofs að fjárhæð 547.803 krónur, svo sem gerð er grein fyrir í stefnu. Hann telur sig hins vegar eiga rétt til að skuldajafna gagnkröfu sinni að fjárhæð 604.476 krónur vegna brothlaups eða annarra brota aðalstefnanda í starfi. Þá eigi gagnstefnandi kröfu á hendur aðalstefnanda vegna flugmiða að fjárhæð 43.110 krónur og vegna vöruúttektar að fjárhæð 15.268 krónur. Samtals nemi því gagnkrafa gagnstefnanda 662.854 krónum. Gagnstefnandi kveður fjárhæðina 604.476 krónur svara til fastra launa aðalstefnanda í einn og hálfan mánuð, þ.e. hálfan uppsagnarfrest, en fóst mánaðarlaun aðalstefnanda hafi verið 402.984 krónur, en þessari fjárhæð hefur ekki verið mótmælt tölulega af aðalstefnanda.

Skaðabótakrafa gagnstefnanda, þ.e. krafa hans í gagnsök, byggist á ólögmeðu brothlaupi aðalstefnanda úr starfi 27. mars 2006. Pennan dag hafi aðalstefnandi hætt fyrirvaralaust störfum hjá gagnstefnanda, án þess að virða þriggja mánaða uppsagnarfrest, sbr. ákvæði laga nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests o.fl., sbr. einnig ákvæði kjarasamnings RSÍ. Fullyrðingu um að gagnstefnandi hafi sagt aðalstefnanda upp er mótmælt sem rangri og tilhæfulausri. Uppsögnina hafi borið að á versta tíma fyrir gagnstefnanda og komið honum að óvörum. Á því er byggt að aðalstefnandi beri sönnunarbyrðina fyrir staðhæfingu sinni um að gagnstefnandi hafi sagt aðalstefnanda upp störfum fyrirvaralaust. Einnig er byggt á því að Þorsteinn Ingi Magnússon hafi ekki verið framkvæmdastjóri og ekki bær til þess að ráða eða segja upp fólki.

Verði ekki á framangreint fallist byggir gagnstefnandi á því að það sé sannað að hegðun aðalstefnanda hafi verið ótilhlýðileg. Með henni hafi hann gerst sekur um þess háttar brot gegn trúnaðarskyldu sinni við gagnstefnanda, og þar með starfsskyldum, að jafngildi fyrirvaralausri riftun hans á ráðningarsambandinu. Gagnstefnandi vísar í þessu sambandi til ólögfestra meginreglna vinnuréttar um trúnaðarskyldur starfsmanna og ákvæðis 13. gr. laga nr. 57/2005. Aðalstefnandi hafi brotið gróflega gegn trúnaðarskyldum sínum við gagnstefnanda með því að taka þátt í ráðagerð, ásamt Hirti Gíslasyni og fulltrúum fyrirtækjanna Rafports ehf. og Lúmex ehf., um undirbúning og stofnun einkahlutafélags sem kaupa átti Rafport ehf. Hann hafi ekki látið fyrirvarsmenn gagnstefnanda vita af þessu og falast eftir umboðum sem gagnstefnandi hafði, m.a. með því að nota gögn frá gagnstefnanda. Hann hafi notfært sér trúnaðarupplýsingar um viðskiptasambönd gagnstefnanda í eigin þágu en til stórfellds tjóns fyrir gagnstefnanda, án þess að hann fengi rönd við reist. Fullyrðingu aðalstefnanda í þá veru að birgjar gagnstefnanda hafi haft frumkvæði að viðræðum við hann og hans nýja fyrirtæki um að taka við viðskiptasamböndunum er mótmælt sem rangri og raunar fjarstæðukenndri.

Gagnstefnandi byggir bótakröfu sína á undirstöðureglu 25. gr. hjúalaganna nr. 22/1928, sem hafi almennt gildi í vinnurétti með lögjöfnun samkvæmt dómafordæmum Hæstaréttar. Með vísan til fordæma Hæstaréttar telur hann skuldajöfnuð við orlofskröfu aðalstefnanda heimilan þrátt fyrir reglu 1. gr. laga nr. 28/1930 um greiðslu verkkaups. Enn fremur er áréttað að gagnstefnanda sé undir öllum kringumstæðum rétt að fá dómsúrlausn um kröfu sína með því að höfða gagnsök. Dráttarvaxtakröfu aðalstefnanda er mótmælt, þar sem gagnstefnandi telur sig eiga hærri kröfu á hendur aðalstefnanda.

IV

Niðurstaða

Ekki er ágreiningur um kröfu aðalstefnanda um vangreitt orlof, svo sem málatilbúnaður hans í aðalsök byggist á. Með vísan til krafna og málsástæðna aðalstefnanda verður fallist á þessa kröfu hans. Vikur þá að ágreiningi aðila um gagnkröfu gagnstefnanda.

Í málinu liggur ekki annað fyrir um brottvikningu aðalstefnanda en frásögn hans sjálfs af fundi hans og Þorsteins I. Magnússonar 27. mars 2006. Hefur nefndur Þorsteinn, sem ekki gegndi formlegri stöðu hjá gagnstefnanda, mótmælt því að hafa haft umboð til að víkja aðalstefnanda fyrirvaralaust úr starfi. Þá hefur hann borið fyrir dómnum að vilji eigenda gagnstefnanda, svo og væntanlegra kaupenda fyrirtækisins, hafi eindregið verið sá að aðalstefnandi starfaði þar áfram. Að mati dómara er sú staðhæfing trúverðug með hliðsjón af atvikum málsins. Ekkert í bréfi Eyvindar G. Gunnarssonar hdl. 28. mars 2006 verður skilið á þá leið að aðalstefnandi hafi daginn áður verið vikið úr starfi eða sé með bréfinu sagt upp störfum. Öllu heldur styrkir bréfið þá niðurstöðu, sem fyrr greinir, að vilji fyrirsvarsmanna gagnstefnanda hafi verið sá að aðalstefnandi gegndi áfram starfi hjá fyrirtækinu með óbreyttum hætti.

Aðalstefnandi hefur borið fyrir dómi að hann hafi ákveðið að segja upp störfum í framhaldi af eigendaskiptunum, sem tilkynnt voru honum 18. mars 2006, og hefja eigin atvinnurekstur. Hinn 26. mars 2006 kom aðalstefnandi á fót félaginu el-is ehf. og hafði þegar byrjað undirbúning að kaupum á einkahlutafélaginu Rafport ehf., meðal annars í félagi við Hjört Gíslason, þá sölu- og markaðsstjóra gagnstefnanda. Er þannig fram komið í málinu að fyrir fundinn 27. mars 2006 var aðalstefnandi langt kominn með að hrinda í framkvæmd fyrirætlunum um eigin atvinnustarfsemi sem ætlað var að starfa á sama markaði og gagnstefnandi. Þá kom fram í aðilaskýrslu aðalstefnanda að hann hefði ætlað sér að fara þess á leit við stjórnendur gagnstefnanda að hann þyrfti ekki að vinna uppsagnarfrest eftir að hann hefði sagt upp störfum. Að lokum skýrði aðalstefnandi frá því að hver sem afstaða gagnstefnanda til þessarar óskar hefði orðið, hefði hann allt að einu ekki getað unnið út uppsagnarfrest með hliðsjón af þeirri sjálfstæðu atvinnustarfsemi sem hann hafði sjálfur hafið undirbúning að.

Samkvæmt öllu framangreindu er það álit dómara að sjálfstæður atvinnurekstur aðalstefnanda hafi verið kominn á það stig hinn 27. mars 2006 að honum hafi í raun verið ómögulegt að gegna áfram störfum fyrir gagnstefnanda án þess að brjóta bersýnilega gegn starfsskyldum sínum.

Samkvæmt 1. mgr. 25. gr. hjúalaga nr. 22/1928 skal hjú greiða húsbónda bætur, sem svarar til helmings áskilins kaups fyrir umsaminn vistartíma, ef það, án þess að sjúkleiki eða önnur lögleg forföll tálmi, eða fyrir hendi séu ástæður, er heimili því að rifta vistarráðunum, gengur ólöglega úr vistinni. Samkvæmt ítrekuðum fordæmum Hæstaréttar hefur reglunni verið beitt fyrir lögjöfnun um það tilvik þegar starfsmaður vanefnir starfsskyldur sínar með því að hverfa fyrirvaralaust úr starfi. Að mati dómara á lögjöfnun frá umræddu ákvæði því frekar við þá aðstöðu þegar starfsmaður hefur komið sér, af ásettu ráði, í þá stöðu að geta ekki lengur sinnt starfsskyldum sínum án þess að brjóta gróflaga trúnað við vinnuveitanda sinn. Með þessum rökum verður fallist á bótakröfu gagnstefnanda að fjárhæð 604.476 krónur, en fjárhæð kröfunnar hefur ekki verið mótmælt sérstaklega.

Aðalstefnandi hefur í endanlegri kröfugerð sinni tekið tillit til kröfu gagnstefnanda vegna flugmiða að fjárhæð 43.110 krónur og vöruúttekar að fjárhæð 15.268 krónur. Verða þessir liðir í kröfu gagnstefnanda því ekki teknir til greina. Með vísan til 2. málsliðar 9. gr. laga nr. 38/2001 verður fallist á kröfu gagnstefnanda um dráttarvexti. Með vísan til fordæma Hæstaréttar verður einnig fallist á að gagnstefnandi sé heimilt að skuldajafna bótakröfu sinni við orlofskröfu aðalstefnanda. Verður aðalstefnandi því dæmdur til að greiða gagnstefnanda 604.476 krónur með dráttarvöxtum frá 26. október 2006 að frádreginni orlofsinneign aðalstefnanda að fjárhæð 489.425 krónur sem greiðast átti út hinn 27. mars 2006.

Eftir úrslitum málsins verður aðalstefnandi dæmdur til að greiða gagnstefnanda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn, í samræmi við umfang málsins, 350.000 krónur. Er þá tekið tillit til þess að mál þetta er samkynja öðru máli sem rekið hefur verið samhliða þessu máli. Við ákvörðun málskostnaðar er ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Af hálfu aðalstefnanda flutti málið Lára V. Júlíusdóttir hrl.

Af hálfu gagnstefnanda flutti málið Gísli Guðni Hall hdl.

Skúli Magnússon héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð

Aðalstefnandi, Hafsteinn Ársællsson, greiði gagnstefnanda, Volta ehf., 604.476 krónur með dráttarvöxtum frá 26. október 2006 að frádreginni innborgun að fjárhæð 489.425 krónur 27. mars 2006.

Aðalstefnandi greiði gagnstefnanda 350.000 krónur í málskostnað.

Skúli Magnússon

